

að hafa bruggað alls 50—60 litra af áfengi þessu, er við rannsókn „Efnarannsóknarstofu ríkisins“ hefir reynt að innihalda 35,5% til 35,37% „Alkohols“, en áfengi það, er til Siglufjarðar var sent 38,0%.

Hefir ákærður, sem er 63ja ára að aldri, einusinni áður verið sektaður um 200 kr. fyrir ólöglega veitingu áfengis, og þá einnig sterklega grunaður um áfengisbruggun, þverneitað að hafa sent fyrumgetið áfengi til Siglufjarðar, eða á nokkurn hátt að vera riðinn við þá sendingu, sem á farbrjefinu var nefnd „feitmeti“, og sendandinn Sigurgeir Gunnarsson, og hefir eigi gegn eindregnum neitanum hans, tekist að upplýsa, að hann hafi verið við það riðinn, þótt sterkar líkur sjeu til hins gagnstæða, bæði framburður fyrnefnda Kristjáns Konráðssonar og bróðurs hans, Valdimars, og svo einnig „alkohol“-innihald vökva þess, er faust hjer syðra, og ákærður hefir játað sjálfur að hafa bruggað, og veitt af lítilsháttar.

Afbrot ákærða virðist mega heimfæra undir 1. gr. laga nr. 25, 3. nóvbr. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl., sbr. 3. gr. sömu laga, og einnig undir 9. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann áfengis, sbr. 14. gr. sömu laga, og virðist refsing sú, er ákærður hefir tilunnið fyrir verknað þennan, hæfileg 1000 króna sekt til ríkissjóds, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en ella sæti ákærður einföldu fangelsi í 48 daga í stað sektarinnar. — Honum ber og að greiða allan af máli þessu og undanfarandi rannsókn löglega leiðandi kostnað. — Hið bruggaða áfengi og ílát, svo og bruggunartæki, er fyrirfundist hefir sem eign ákærða, er upptækt, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Mánudaginn 9. maí 1927.

Nr. 25/1927.

Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)
gegn

Guðmundi Jónatanssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Brot á sóttvarnarlögnum.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 31. jan. 1927: Kærður, Guðmundur Jónatansson, greiði 150 kr. sekt, er

renni í ríkissjóð eða sæti 12 daga einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd innan 14 daga frá löglegri birtingu dómsins.

Svo greiði og kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ljét kærði í marsmánuði f. á. sækja kvenmann á heimili sitt frá bænum Efri-Engidal, sem kærði vissi að var í sóttkví vegna taugaveikissmitbera þar, og dvaldi kvenmaður þessi 14 daga á heimili kærða án þess að þetta væri tilkylnt hjerads-lækni eða hlutaðeigandi stjórnarvaldi og áu þess að nokkrar ráðstafanir væru gjörðar til að koma í veg fyrir, að taugaveiki bærist frá hinum sóttkvíaða bæ á heimili kærða og þaðan aftur. Þetta brot kærða hefir hjeradsdómarinn rjettilega heimfært undir 7. gr. í lögum nr. 24, 16. nóv. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Þar sem ennfremur kærði og alt heimilisfólk hans veiktist með þeim hætti, sem lýst er í lögreglurjettardóminum, skömmu eftir dvöl nefnds kvenmanns frá Efri-Engidal, á heimili kærða, þá mátti kærði telja það líklegt, að þessi veiki væri taugaveiki og hefir hann því einnig gjörst brotlegur gegn 5. gr. fyrnefndra laga með því að skýra hvorki hjerads-lækni nje hlutaðeigandi stjórnarvaldi frá veikindunum.

Refsing kærða fyrir þessi afbrot þykir hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og kærða að greiða allan kostnað sakar-

verið síðan í sóttkví, sökum þess að tangaveikisfaraldur er spratt þá upp hjer á Ísafirði var talinn hafa upptök sín af mjólk þaðan, enda hafði bóndinn þar Jón Magdal verið álitinn smitberi.

Brá hjeraðslæknir þá við, fór inn að Fossum og Engidal 9. s. m. og hitti svo á, að alt heimilisfólkið á Fossum, 8 manns, var augskýnilega veikt, kærður, kona hans, 5 börn hans og öldruð vinnukona. Vinnukonan var hressust og á ferli. Var hjeraðslækni sagt að hún hefði verið veik að minsta kosti í mánuð, en haft fótavist nema einn dag, er hún lá í rúminu. Kærður var að sönnu á fótum, sat á rúmi sínu, en augskýnilega mikið veikur og hafði hann rúmlega 39° hita. Kona kærðs var hálfklædd í rúminu og hjelt á yngsta barninu 9 vikna gömlu. Hafði hún 40° hita, en ungbarnið var mjög veikt og augskýnilega langt leitt. Hin börnin voru klædd í rúmunum, sum undir sængum, hin ofan á þeim, öll mjög sóttveik. Höfðu þau 38°—39° hita. Flest af þessu fólki hafði glögg tangaveikiseinkenni, enda sýndi rannsókn að kærður og vinnukona hans höfðu tangaveiki. Enga tilkynningu hafði hjeraðslæknir fengið um veikindi þessi og hafði enga hugmynd um þau fyr en hann kom á bæinn.

Kærður hefir eigi kannast við að hann og heimilisfólk hans hafi verið nema lasið. Kveðst eigi geta talið að hann eða heimilisfólk hafi verið veikt, sökum þess að daginn áður hafi hann verið úti á túni að vinna á og börnin hjá honum, en kona kærðs fært honum kaffi, vinnukonan hafi verið lasin nokkra daga, en þó daglega á ferli, sömuleiðis hafi bæði kærður og börn hans verið lasin nokkra daga en haft fótavist daglega.

Að því konu kærðs snertir kveður hann að henni hafi að sönnu verið batnað af barnsburðinum, en um það leyti, er hjeraðslæknir kom á heimilið hafi hún verið lasin, en það eigi hún venju til að verða við og við fyrstu mánuðina eftir barnsburð. Áleit mættur því að það væri kvef er gengi að konunni og heimilisfólki hans og kveðst hafa sagt læknum það er hann kom á heimili hans, enda kveðst kærður eigi hafa haft hugmynd um það að um tangaveiki væri að ræða eða snert af henni.

Áleit kærður því eigi nauðsynlegt að skýra lækni frá lasleika þessum.

Eins og áður er sagt voru eigi á heimili kærðs aðrir en kona hans, 5 ungbörn og öldruð vinnukona að nafni Jóna Halldórsdóttir, en framburður hennar virðist styrkja framburð kærðs, að hann hafi álitid að um kvef væri að ræða en eigi neina alvarlega veiki. Þykir það eigi nægilega sannað að kærður hafi orðið-

brotlegur gegn 5. gr. ofanefndra laga og ber því að sýkna hann að því leyti.

Að því er snertir spurninguna um orsakirnar til þess að taugaveikin spratt upp á Fossum hefir ekkert verulegt sannað að öðru leyti en því, að í marsmánuði f. á. sendi kærður um nótt, mann að sækja stúlku að nafni Halldóru Magnúsdóttur, er bjó í Efri-Engidal, heimili Jóns bónda Magdals, sem talinn er vera smitberi til þess að taka á móti barni konu kærðs.

Var greind stúlka ófús í fyrstu að fara þar sem heimilið var í sóttkvi en ljét þó tilleiddast þegar sendimaður tjáði að nauðsynlegt væri að hún kæmi. Fór stúlkan þá með sendimanninum, tók á móti barni húsfreyju og dvaldi á Fossum í 14 daga án þess að fara heim til sín á þeim tíma. En áður en hún fór frá Fossum gaf hún vinnukonu kærðs vinnusvuntu sína.

Að vísu virðist það vera nægilega upplýst með skýrslu hjeradslæknis, gefinni í embættisnafni, að umrædd vinnukona á Fossum hafi fyrst fengið veikina en hvenær það hafi verið hefir eigi verið auðið að upplýsa, þar eð hún sjálf gat engar upplýsingar um það gefið. Það virðist því eigi vera nægilega sannað í málinu, að veikindi hafi borist með stúlkunni Halldóru Magnúsdóttur að Fossum.

Eins og fyr var getið, var heimilið Efri-Engidalur í sóttkvi sökum taugaveikisfaraldurs þess, er spratt upp á Ísafirði haustið 1925 og talinn var að eiga upptök sín þar. En það er sannað með eigin játningu kærðs að honum var kunnugt um að heimilið var í sóttkvi. En samt sem áður hefir kærður samgöngur við hið sóttkviáða heimili á þann hátt, að hann lætur sækja þangað stúlkuna Halldóru Magnúsdóttur, er síðan dvelur hálfsmánadartíma á heimili hans.

Það þykir eigi geta afsakað kærðan að stúlkan Halldóra Magnúsdóttir var sótt til konu hans, er komin var að barnsburði þar eð það virðist hafa verið skylda kærða að útvega ljósmóður það tímanlega að til þessa úrræðis þyrfti eigi að gripa á síðustu stundu, enda virðist hjer eigi um ófyrirsjáanlegan atburð að ræða, með því að það er upplýst í málinu að kona kærðs ól fallburða barn eftir venjulegan meðgöngutíma.

Lítur rjetturinn því svo á, að með greindu atferli hafi kærður, orðið brotlegur gegn 7. gr. laga nr. 24, 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma og hegning hans, er áður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, eftir atvikum hæfilega metin 150 kr. sekt ebr. 14. gr. nefndra laga og renni sektin

í ríkissjóð. En verði sektin eigi greidd innan 14 daga frá löglegri birtingu dómsins sæti kærður 12 daga einföldu fangelsi. Svo greiði og kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

=====
 Miðvikudaginn 11. maí 1927.

Nr. 19/1927. **Rjettvísín** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Guðmundi Inga Einarssyni (Kalman).

Víxilfals.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyja 2. des. 1926:

Ákærði Guðmundur Einarsson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn þessa dóms ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins sem orðin er og verður. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi er það sannað í máli þessu, að ákærði hefir í heimildarleysi ritað nafn annars manns sem ábekings aftan á víxil að upphæð 800 kr., er hann seldi Íslandsbanka 29. júní 1926 og að ákærði hinn 6. okt. s. á. seldi sama banka, til innlausnar á nefndum víxli, nýjan víxil að upphæð 600 kr., er hann hafði falsað á sama hátt. Báða þessa víxla hefir ákærði innleyst, enda hefir hann haldið því fram, að þetta hafi hann frá upphafi ætlað sjer.

Afbrot ákærða fellur undir 271. gr. alm. hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinna. Ákærða ber að greiða allan